



Skólaráðsfundur 14. desember 2021 í stofu 313 í Vogaskóla

Fundinn sátu:

Rannveig Möller og Hrefna Hjartardóttir (kennarar), Snædís Valsdóttir (skólastjóri), Esja Sveinbjörnsdóttir, Grímur G Einarsson, Edda Sigurdís Oddsdóttir (fulltrúi foreldra) og á fundinn kom einnig Lilja Þorkelsdóttir námsráðgjafi.

Ritari: Rannveig Möller

Fundargerð

Áætlun gegn einelti

Lilja námsráðgjafi kynnti eineltisteymi hlutverk þess. Verið er að endurskoða viðbragðsáætlun gegn einelti og kynnti hún þau drög sem nú liggja fyrir. Hún fór yfir inn grip teymisins, öflun upplýsinga, aðgerðaráætlun og eftirfylgd. Áætlunin tekur mið af stefnu Reykjavíkurborgar í eineltismálum. Snædís í Vogaseli kemur að þessari vinnu með eineltisteymi skólans.

Nýtt úthlutunarlíkan fyrir grunnskóla

Snædís kynnti nýtt úthlutunarlíkan fyrir grunnskóla. Líkanið er reiknað út frá öðrum forsendum en áður og miðast við nemendafjölda skólans 1. október ár hvert. Helstu breytingar eru að dregið er úr vægi greininga við úthlutun fjármagns til sérkennslu. LOI–stuðull kominn inn, stuðull sem fundinn er út frá félagslegu umhverfi skólans og uppfærast á þriggja ára fresti. Heimild til að ráða aðra sérfræðinga en kennara t.d. þroskaþjálfara eða iðjuþjálfara. Úthlutun fyrir almenna starfsmenn einfölduð. Lagt er til að skólar hafi rekstrarstjóra sem situr í stjórnendateyminu og tekur að sér ýmislegt af því sem áður hvíldi á skólastjóra. Þessi staða er hugsuð sem sambland af stöðu umsjónarmanns fasteignar og skrifstofustjóra. Hluta af umsjón með fasteigninni verði þá útvistað á USK. Kennslustundum úthlutað á árganga eftir fjölda nemenda, ákveðnir viðmiðunartímar og skiptistundir. Jaðraukning felur í sér aukið kennslumagn umfram ákveðinn nemendafjölda, misjafnt eftir árgöngum. Breytt úthlutun fyrir frímínútnagæslu og félagsstörf. Breytt úthlutun til félagsstarfa. Gert ráð fyrir auknu samstarfi Félagsmiðstöðva og skóla.

Afleysingar í forföllum, ákveðin úthlutun þar. Ákveðið áhyggjuefni vegna „covid ástandsins“ ásamt öðrum veikindum.

Ályktun skólaráðs vegna íþróttaaðstöðu

Snædís las upp ályktun sem rædd var á síðasta fundi. Óskað eftir fundi með skóla og frístundasviði til þess að ræða þessi mál. Snædís sendir ályktunina á Helga Grímsson sviðstjóra skóla- og frístundasviðs og Skúla Helgason formann skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar.

Skóladagatal skólaársins 2022 – 2023

Örstutt umræða um grunninn sem er kominn, allir fengu eintak til skoðunar. Ákveðnir dagar „fastir“. Á eftir að leggja í dóm kennara.

Næsti fundur miðvikudaginn 26. janúar 2022 klukkan 8:00.